

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Selfossi, 12. apríl 2023
Tilvísun: 2304265

Efni: Umsögn um stöðuskjal um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu.

Meðfylgjandi er umsögn Matvælastofnunar um Stöðuskjal og tillögur að aðgerðum um bætta nýtingu lífrænna efna í landbúnaði og landgræðslu. Beðist er velvirðingar á að þessi umsögn kemur degi á eftir lokaskiladegi.

Athugasemdir við töflu 1

1. Breyta „Öll kúamykja er nýtt við túnrækt, mikilvægt hráefni í fóðurframleiðslu“ í „Mikilvægt áburðarefni sem nýtist á akra, tún og til landbóta. Líklega öll kúamykja nýtt til túnræktar“.
2. Leggjum til að nota hugtakið aukaafurðir dýra í stað hliðarafurða. Aukaafurðir dýra eru ekki hæfar til manneldis og því varhugavert að vísa í að þær megi nýta til framleiðslu afleiddra afurða til manneldis.
3. Hrat úr gasgerð má nýta sem áburðarefni eftir að hafa verið eftirgerjað sem molta.

Athugasemdir við kafla 3.3

1. Í kafla 3.3. er talað um hliðarafurðir sláturhúsa. Leggjum til að hér sé frekar talað um aukaafurðir dýra sem falla til í sláturhúsum. Þessi athugasemd á við á fleiri stöðum í skýrslunni þar sem vísað er til hliðarafurða.

Athugasemdir við kafla 4

1. Tveir yfirkaflar bera númerið 4.
2. Við veltum fyrir okkur hvort ekki sé frekar stefnt að því að auka hlutfall lífræns áburðar en að minnka það eins og fram kemur í síðustu málsgrein á bls. 23.

Athugasemdir við kafla 5 Aðgerðir

Tafla – liður C.1

1. Hér er talað um flokkun úrgangs en betra væri að tala um flokkun aukafurða dýra. Áhættuflokkun aukaafurða dýra er bundin í löggjöf og því þarf endurnýting lífrænna efna úr aukaafurðum dýra alltaf að miðast við hana.

Það má breyta heiti skýrslunnar, tillaga að öðru heiti: **“Bætt nýting lífrænna efna sem áburður eða jarðvegsbætur.”**

f.h. Matvælastofnunar

Krisín Silja Guðlaugsdóttir, sérgreinadýralæknir aukaafurða dýra

Valgeir Bjarnason, fagsviðsstjóri áburðarmála